



Vatnsból Vatnsveitu Raufarhafnar

**Guttormur Sigbjarnarson, Freysteinn Sigurðsson**

**Greinargerð GS-FS-89-03**

## VATNSBÓL VATNSVEITU RAUFARHAFNAR

Samkvæmt beiðni Sigurbjargar Jónsdóttur, oddvita Raufarhafnarhrepps skoðuðum við undirritaðir deildarstjórar á Orkustofnun vatnsból Raufarhafnar þann 3. september 1989 og áttum þar fund með viðkomandi heimamönnum. Á þeim fundi var heima-  
mönnum gerð grein fyrir tillögum Orku-  
stofnunar til úrbóta á núverandi frágangi og virkjun vatnsbólsins.

1. Forsaga vatnsbólsins er sú, að á árinu 1978 vann jarðkönnunardeild Orkustofnunar samkvæmt beiðni Raufarhafnarhrepps forrannsóknir á vatnsöflunarmöguleikum fyrir Raufarhöfn. Niðurstöður þeirra birtust í skýrslu OS-79012/JKD02: „Raufarhöfn. Neysluvatnsöflun“ eftir Freysteín Sigurðsson, Þórodd F. Þóroddsson og Frey Þórarinsson, en hún kom út í febrúar 1979. Í þeirri skýrslu eru settir upp þrjár valkostir til vatnsöflunar fyrir Raufarhöfn og þó var þar sérstaklega „mælt með virkjun lindanna innan við Hól“. Þar stendur einnig „Tvö lindasvæði koma til greina og munu rennslismælingar í vetur og næsta sumar væntanlega skera úr um, hvort svæðið er öruggara til virkjunar“. Þessi tvö lindarsvæði eru annars vegar við núverandi vatnsból og hins vegar eru það lindir við Hólsá á móts við SV-enda flugvallarins. Það var ekki gert upp á milli þessara staða í skýrslunni, heldur var þar reiknað með, að framhaldsathuganir mundu skera úr um það.

Ýmsir aðrir þættir ráða því, hvort vatnsból er hentugt, en vatnajarðfræðilegar aðstæður einar. Má þar nefna aðstæður til mannvirkjagerðar, aukalegar vegalagnir, kostnað o.fl. Á þessum víðara grunvelli mun núverandi vatnsból hafa orðið fyrir valinu. Sumarið 1979 vann Þóroddur F. Þóroddsson, jarðfræðingur, starfsmaður Orkustofnunar ráðgjafastörf við hönnun vatnsveitunnar og skilaði um það álit þann 13. ágúst 1979, þar

sem hann meðal annars ræðir um frágang vatnsbólsins. Þá um haustið var vatnsveitan byggð, en því miður hefur ekki verið lokið við frágang á vatnsbólunni sjálfu.

2. Náttúrulegar aðstæður við núverandi vatnsból Raufarhafnar í landareign jarðarinnar Hóls eru að okkar mati ákjósanlegar til vatnsvinnslu. Þar þarf aðeins að ganga frá vatnsbólunni á viðhlítandi hátt. Við teljum að mjög veigamiklar ástæður þurfi að liggja fyrir til þess að leggja það niður og taka upp nýtt vatnsból, þar sem óhjákvæmilega hlytist af því mjög mikill aukakostnaður.

3. Frágangur vatnsbólsins er óviðunandi eins og hann er í dag. Í greinargerð sinni þann 13. ágúst 1979 lýsir Þóroddur F. Þóroddsson þeim meginatriðum, sem hafa þarf í huga við frágang vatnsbólsins og skulu þau hér ítrekuð og útfærð:

- a. Reiknað er með að unnt verði að nota núverandi vatnsinntak og inntaksstíflu.
- b. Byggja þarf brunnhús yfir vatnsinntakið ofan við stífluna. Það verður að vera algerlega lokað og dimmt, svo að þörungagróður þrífist þar ekki.
- c. Allt lindasvæðið ofan stíflunnar umhverfis brunnhúsið og upp frá því verði fyllt með hnullunga grjóti og hnullunga mól, svo að þar myndist ávalur hryggur, sem síðan er þakinn plastdúk. Plastdúkurinn verði síðan þakinn með 20-30 sm þykkum jarðvegi og lagðar þar á túnþökur út fyrir brúnir hans, svo að í framtíðinni verði þar ávalur hryggur þakinn gróðri.
- d. Að því loknu skal afgirða vatnsbólsmannvirkin rækilega fyrir öllum ágangi dýra og manna. Nægilegt mun vera að

alfriða með girðingu mannvirkjasvæðið sjálft og um 50 m frá vatnsbólunni í aðstreymsíttina. Vatnsbólslindirnar koma upp í hrauntröð og stendur vatn hærra í henni en beggja vegna við. Því gæti verið nægjanlegt að girða vatns-tökusvæðið af eftir brúnum hrauntraðarinnar. Vegslóðinn liggur á vestari brúninni og væri því að öllum líkindum nægjanlegt að girða meðfram honum að austan, 1-2 m frá slóðanum. Ekki mun vera þörf að flytja vegslóðann vegna girðingarinnar. Ekki er þörf á því að syðri lindin falli innan girðingarinnar, en það gæti þó verið æskilegt vegna framtíðarþróunar.

Freysteinn Sigurðsson



- e. Í aðstreymsíttina þarf að friða allt hraunið gegn hvers konar nýju jarðraski a.m.k. 500 m upp frá vatnsbólunni, þar á meðal gjallnámunni, sem þar er.

Guttormur Sigbjarnarson





Raufarhöfn - Neysluvatn  
Vatna jarðfræði

FS/GS

79.01.18.

Neysluv. N.þing.

F. 17992

